4. Búid samt ei fieck allt, Island vid heilla kjör; hnyppist vid heitt og kaldt, hel glýmir opt vid sjör. Haf-Jökull hvitt med skaut, hlód um strönd lángann gard, af honum ógagn flaut, enda-sleppt Sumar vard.

5. En — bidjum: audnan trú, ebli dád, veiki böl, allra, sem egum nú, Ars nýann rena spöl! farsæld, sem fylgja vor, ferdist um lifsins braut, oss þar til effta spor, í módur leggur skaut.

6. Von-gódir verum þá; væntum, ad heill og frid', en gefist úngt ad sjá, Ar, lidid jafnast vid! Eldgosa ösku-ský, ef reckva bregnum sjón, innan skamms oss á ný, eins fögur sólin skín.

7. Allir því viljum vjer, vid Arsins loka dag, þetta, sem þrotid er, þacklætis qvedja brag, gjalli vid hörnid hvert, hljómi saung-radd-ir blidt: Far gamla vel! en vert, vel-komid, Arid nýtt!

*Gudmundur Torfason* Student.

## Eldgos evstra.

Þau Eldgos, sem 6ta erindid í Qvædinu hier næst á undan bendir til, spyrjast nu ad vera, þann 19da Dec. 1821, uppkomin vestarlega í Eyafjalla-Jökli, sem er Vesturhluti þess mikla Austur- edur Mýrdals-Jökuls, í hverjum Kotlugjá finnst, úr hverjum Jöklum mörg stadsöm Eldgos, jökla-hlaup, vatnaflód og öskufall ádur hafa eydt þeim ná-

ægum bygdum, en vidar fólki og fienadi lands. Ad sönnu hefi eg enn ecki áreidanlega spurt, á hverjum helzt stad eldgosid hafi fyrst útrás fengid, en þar Magnus Hreppstjóri Eyafialla manna Sigurdsson, sem med nockrum mönnum tjáist farid hafa upp Steinafjall til ad forvitnast um elds-upptökin, en snúid eptur vid svo búid sökum ófæru af sands og vikursfalli á fiallinu, þóktist siá mesta reykiar-svælu eda jafnvel loga fyrir vestan sig, telur fregnin eldinn uppkominn vera í vestur-Jöklinum nálægt Gudnasteini, edur uppundan Skála bæum í Holts Sókn; þo vantar enn fullvissu um stadinn.

J rockri og um vökuna Midvikudags qvöldid þann 19da Dec 1821, hid næsta fyrir Jól, sáust opt leiptranir í heidrikiu, en daginn eptir under midmunda á hærstum Eyafjalla jökli litill, bolstradur, hvítleitur skýflóki, sem á svipstundu lagdi upp hátt og vard ad þyckvum reykjar-stolpa, en sortnadi því meir, sem frá leid. Vedur var heidskírt og lygnt. Um sólsetur hvarf reykurinn, en skömmu seinna gieck enn meiri reykjar mockur upp af Jöklinum og sáust gjörla í þeim mecki leiptranir og eldglæringar um qvöldid, sem syndi, ad þetta væri verulegt eldgos. Þann 21ta til 27da Dec. gieck mockurinn ákaft upp med hvasviðri af N. A. og lagdi undan því framyfir og vestur um fiallid; vyrdist Jökullinn þá deckna vid þad af öskufalli, en mockurinn vór ad dreifdist út um sudurloptid; vard vid þad mikid öskufall undir Ytri Eyjafjöllum, og um Austur Landeyar, en vart vid þad litid eitt jafnvel í Hvolhreppi og nedri hluta Odda Sóknar. Einstökum sinnum brá eldi á Jöklinum fyrir nedan til vid mockinn. Þann 28da og 29da Dec. var vedur lygnt, mockurinn samur, en skipti sér í hinsar áttir eptir gustinum. Fyrir dagana urn vatn og sljót nockud, og vestur med Eyafialla Jökli heyrdust óttalegir dynkir í honum eins og hann springa mundi. Sand og ösku skóf N. A. vedrid ad mestu

burt aptur úr Austur Landeyum, þó sást þar á jördu fin, gráleit ösku-móda, en framan undir Eya-fjöllum vard mest af öskufallinu, og miklu af vikur hlód á heidar nidur þar fyrir ofan. Hlýtt vedur var um alla þá daga.

Framanskrifad um uppruna og framgáng þessa Eldgoss, frá 19da til 29da Dec., er stutt ágrip af skírslu Hra. Prófasts Steingríms Jónssonar, sem greinilegust er af enn þá híngad fluttum fregnum.

Eg gat þess ondverdlega, ad Eyafjalla Jokull se vesturhluti þess mikla svo nefnda Austur- eda Mýrdals Jokuls, hvers hæd er med þeim mestu á Islandi, nefnl. mæld af Landmælingar Offiserum ad vera 5,500 fet beint upp, og miklu meiri enn Snæfells Jokuls — og ad í þeim Austur-jökli se Kötlu-giá — skammt austur af Eyafjalla-jökli. Hún hefir 5sinnum eldum gosid, frá Islands byggíngu, en ecki minnast Annálar nema tveggia eldgosa undan þessu nýbirjada úr Eyafjalla-Jökli, nefnilega: árid 1612, vid hvert Annáll Jóns Sýslumanns Espólins setur: „Þá hljóp fram Eyafjalla-Jökull austur í sjó „og kom upp eldur mikill." Í seinna sinni telst Austur jökull (sem sumir eigna Eyafjalla Jökli), gosid hafa 1717, 15 vikur af sumri, en vindar báru þá svo mikid sands- og ösku fall yfir Þingeyar Sýslu allt í Eyafjörd, ad kolmyrkt vard um há-dag þann 17da Sept., svo qveikja vard, en sand tók þar í midjann legg og leiddi þar af mikinn hrossa-fellir veturinn eptir.*) Ad sönnu telur Annáll Sýslumanns Espolins eld þann komid hafa úr Jökli í Axarfirdi, sem Jökulsá úr rennur — en þá ættu elds-upptökin verid hafa í Klofa-Jöklum fyrir ofan Skaptafells Sýslu.

---

*) Siá Dr. og Biskup H. Finnsson um Mannfæckun, etc. í XIV. Bindi Lærd. Lista Fjelags R., bls. 106, og min Eptirmæli 18du Aldar, bls. 485.

Þo Eyafjalla Jøkull ecki hafi ad undanfornu orsakad stórmikid tjón, og sama því enn verda megi landi voru vægt, eru þó þvílik Náttúrunnar stórkostlegu umbrot undir eins hátignarleg, ad því leiti þau svo eptirtakanlega lýsa veldi og dýrd hennar Meistara, og þau reynast geigvænleg, ad því leiti þau benda mannskepnum til þeirra vanmáttar, lækka þeirra marklausa dramb, og sýna þeim i tvo heimana i einu. Eldgjósandi fjøll eru því vida, hversu mikla velgjørd, sem þau votta i mørgu vorum hnetti og hans innbúum, talin med annmørkum landa, sem þau geyma i barmi ser. Þau eru þar hjá þvílik furduverk Náttúrunnar, hversu eldur quikna megi i sjálfum Jøklunum, sprengja þessa utanaf ser og fleygja þeim lángt út yfir lønd, senda glóandi bjørg hátt i lopt upp, bræda málma og steina og spýa þeirra glóandi ledju út yfir heil hjerød, en med øsku-meckjum fela heimsins ljómandi sólu i sorta og gjøra hádegid ad midnættis nidmyrkrum, ad frægustu Náttúruspekingar fundu innilega laungun til og yndi vid ad grenslast, sumir med eginn lífsháska miklum, eptir náttúrlegum orsøkum til og framgángi þvílikra hátignarfullra sjónarspila. Því finn eg hjer vel hlýda, ad víkja framar á merkilegustu uppgøtvanir um þad efni, eptir egin marg-itrekadri raun margra sjónarvotta.

---

## Um eldgjósandi Fjøll.

I visdóms- og gædsku-fullum tilgángi hefir Skaparinn valid eldfjøllum adsetur vída um allann heim. Engin er sú heims álfa til og færri þau lønd, hvar þau finnast ecki; en munu þau þannin útdreifd til mannkynsins plágu um heiminn eda til þess heilla? Þess sídara má efalaust tiljeta, sem vissara frá þess alvísa og góda Alfødurs hendi. Ad eldar og elda-umbrot innanverdt i vorum hnetti hafi fordum lypt henni upp

og Læknisbúdir. Samt leyfir nú rúmid ecki, ad þessu sinni, framar ad minnast á þær einföldustu, sem alls stadar hjer á landi vyrdast mega hollar og audveldar almenningi til adgætslu.

Af Eldgosinu eystra er nú allgreinilega frjett, til hier um 20ta Jan þ. á. Var öskufallid skömmu eptir Nýár rjenad, en nádi aldrei nema yfir hálfa adra Sveit, nefnilega: Landeyar og vestur Eyafjöll. Af Landeyum fauk askan um Jólin, en undir vestri Fjöllum rigndi hún nidur og vard ad bleytu um Nýárid og frans sídan. Þar skulu og flestar skepnur úr því á gjöf, og nockrum vera lógad, en hross hafa fáein sýkst.

Hér. er. Herbergi. Holds. framlidins.
HALLDORU. EIRIKSDOTTUR.
Sem. fæddist. 23ja. Jan. 1767. Giptist. 25ta.
Nov. 1794. Andadist. 19da. Apr. 1821.
Börnum. fimm. besta. Módir. — Ektamanns. Kó-
róna. Ættar. prydi. — Náms. og. skilnings. nægstu.
gáfur. — Dyrkadi. nærst. Drottni. um. æfi. — Dygda.
munstur. deydi. og. lifdi. — Lángadi. Hana. ljóss. til.
bygda. — Einmana. Þreyr. eptir samfundum. —
Grátinn. sá. þessa. Grafminníng. setti.

M. Þórdarson.

## Veitt og lidug Braud.

Þann 7da Jan. 1822, er Hólma Prestakall í Sudur-múla Sýslu veitt Candidato Theologiae Gísla Brynjúlfssyni, og sama dag Akra Þing í Mýra Sýslu veitt Gísla Presti Gudmundarsyni á Stadarhrauni. Þetta sídarstnefnda braud, hvers inntekt fyrrmeir talin var 17 rdlr 2 mrk., er nú þar vid lidugt ordid Þann 19da Jan. þ. á., er Gufudals Prestakall í Bardastrandar Sýslu, veitt Bödvari Capelláni Þorvaldssyni.

Konúngs, adals-stéttar og geistlegt rádríki, sem fylgadi óspektum á yfirstandanda ári; einkum vard Hershöfdíngja Bertons vidleitni í stadnum Thouars vidræmd, ad úthrópa þar úngann Son Napóleons — Hertoga af Reichstadt — til Keisara Fránkaríkis — en datt nidur dádlaus. Í Parísarborg hreifdu Stúdentar og smávegis upphlaupum, og almúginn eins mót lítt gudrækilegum kénningum Muka og Klerka, mót vantrú á Páfa-lærdómum.

Frá Hollandi heyrist fátt fréttnæmt, nema ad herfloti þess í Austindíum inntók Höfudstadinn á Eyunni Súmatra, Palembang, þann 24da Júlii 1821, afsetti Soldáninn, sem þar ríkti, en hóf annann til hans valda — og — þó smásmuglegt virdist — ad Hollands Stjórn — vegna Kaupmanna klagana — láti skygnast eptir íslendsku lesi í hollendskum Fiski-duggum, og sekti hardt þá litlu verdslun.

(Framhaldid sídar).

## Eldgosid úr Eyafjalla Jökli.

Í No 1. og 2. Klpósts þ. á: minntist eg, seinast á bls. 32 uppkomins eldgoss úr Eyafjalla-Jökli, sem allt ad vordögum vard lítilvægt, svo litlar sögur bárust úr því af þessu, þó reykjar-mekkir sæust vid og vid yfir Jöklinum, hvers vegna menn vonudu, ad þar mundi eldurinn þegar slokknadur. Fyrst eptir útkomu No. 7. bárust mér nýrri og greinilegri Fréttir af gosinu, hér um 10da Júlii, helzt eptir bréfi þess gáfada Dugnadarmanns til mín, Hreppstjóra Magnúsar Sigurdssonar á Leirum, sem býr undir Eyafjöllum einna næstur gosinu ad segja. Þad var dagsett [illegible]ta Júlii, er oflángt til ad prentast hér, nema í ágripi, um seinni umbrot þessa Jökuls, af hverjum nú eru og enn

seinni gloggvar fregnir komnar, allt til loka Júlii mánadar, frá fleirum þar nálægum Embættis-mønnum. Hid merkilegasta af hans seinni umbrota søgu er nú þetta: Einstøk, þó ecki stór-skadvæn, vatnsflód spýttust vid og vid úr þessum Jøkli og féllu vestur í Markarfljót, med nockru Jøkulhruni, uns hann, þann 26ta Júnii spió á ný, med aukinni ákéfd, eldi og øsku, þó enn engri hranna-eldsteypu — ad meiningu manna — út um annad op nálægt hinu, med brestum og þrumu-gný, sem daglega heyrdust yfir 3 þíngmannaleidir austur í Skaptártúngur. Askan sendist hátt í lopt upp, en nordlægir vindar dreifdu henni aptur yfir Eyafjalla Sveit, sem yfrid smágérdu, hvitgráleitu dupti, af hverju velnefndur Hreppstjóri sendi mér próf, sømuleidis af annari stórgérdari og blackari, sem í vetur fyrri fjell, en vindar þá skófu saman í skafla; og af hálfbrunnum vættarsteini, sem útkastadur fannst í 1 mílu fjarlægd. Af øskufalli þessu vard jørd þar hvitgrá og jøkul-leit. Þetta gráleita dupt á grasinu vard þar sképnum vidbjódslegt og óhollt; málnytu peningur strengdur af sullti og géldtist hastarlega, einkum saudfé, sem hvergi hamdist, en týndist, rugladist vid fjalla og annad fje, og vyrdtist jafnvel í eldáttina sækia, en fjallfje ofan til bygda, vard þó allstadar óhemjandi. Mælt er: ad undir Eyafjøllum hafi Ær vída svo brá þornad upp eptir Fráfærur, ad 10 til 12 þeirra mjólkad hafi ad eins 1 pela einusinni á dag. Adur gat eg þess á bls. 4, ad miklum Vikri hlód í vetur eystra á heidar nidur, og hefi eg medtekid talsverd próf af þessum, sem er fínn, fisléttur og blackhvítur ad lit, og er líkleagast ad sú sárfína aska, sem nú eitrar grasid eystra, og líklega vídar, hvar hún áféll, sé ad eins duptid af þeim Vikri. Eg lét, til reynslu, steyta hann, og féck dupt hinu sárlíkt, sem á grasid féll. Þad er svo smágérdt, ad ecki finnst nær þad fellur úr lopti og øsku-mockjum, sem vindar bera vídt út, en hefir

jafnvel þegar øllad skada einninn innanverdri Fljótshlíd; þad sást og á grasi og dockum skóm manna vída vestureptir Sudurlandi allt fram á Seltjarnarness tánga; gras hefir visnad nockud þar af, en fénadur, einkum ær, ordid óspakur og geldst úr øllu hófi. Vikurs útkastan þessi sýnist samt mega hrinda burt efa Náttúruspekinga ýmsra, ad Vikur teljast megi med uppkøstum eldfjalla*).

Seinustu fregnir ad austan í Júlii mánadar lok, tjá øsku og reykjar mecki mikla stadid hafa upp af Joklinum vikuna frá 20ta til 27da s. m., en vinda borid þá vestur eptir og logn sídan steypt þeim nidur á láglendi, hvar áskan, þann 25ta, féll enn svo mikil undir Midfjøllunum, ad kirkjujarda búar afsøludu sér ábyrgd innstædu kúgylda sinna, krøfdu þau strax mørkud, en Yfirvalda úrskurdar var leitad um medferd þeirra og rádstøfun, þar ýmsir lauslega rádgérdu þar máské þurfa ad gánga frá heimilum, og nockrir komu kúm sínum burt austur í Mýrdal um tíma. Um þær mundir lagdi yfir Sudurland vestur eptir svo dymmann misturs møck um allt lopt í hreinu þurrvidri, ad skammt sást burt til nálægra sveita, en sól rodnadi um gódvidris daga, sem nú gjørast hér brennheitir, venju framar, mót sólu 34—36°. Telja millireisendur nú og 7 Eld-op sieu verá á Joklinum, um hver torfært reynast kann, enn sem stendur, ad ødlast fullvissu, vegna sífeldrar þoku og reykjarmeckja þar uppi, hvar vindar breytilegir gjøra sjaldan óhulta og ratljósa umferd, sé hún annars nu gjørleg, því þeirra banvænu dampar og dauda lopt (sjá bls. 9) mega Skodendum verda háskalegir.

Lofsverdt tel eg ad lyktum Prestsins til Ása í Skaptártúngum, Hra. Páls Olafssonar, mannkjær-

*) Sjá þ. á. Klpóst No 1 bls. 14, og um øskunnar óhollustu þar, bls. 9.

legt tilbod til Eyafjalla manna — sem einir mest — en fáir adrir enn þá til stórmuna, hafa af eldgosi þessu skada bedid — (þó óhollustu þessa árs heyafengs líklega óttast megi vídar, hvar øsku-módan er á fallin, einkum í nálægum sveitum eldinum), nefnil.: strax í vetur þá eldgosid uppkom, baud hann þeim ad taka vid saudfé þeirra í sókn sína, og sjá því þar og jafnvel ødrum útigángs peníngi, sem best yrdi farborda; því þángad, í 3gia þíngmannaleida fjarlægd, nádi þá ecki øskufallid, og hafa margir, eda flestir Eyafjalla menn nú, ad søgn, komid burt flestum kúm, ám sínum og saudfénadi bædi austur- og vestur-fyrir sig, til þess þar med ad fordast, ad því leiti má, ófarir hans af Øskufallinu, sem nú tjáist undir øllum Eyafjøllum svo skadvænt ordid, ad enginn ber þar vid ad slá tún, kúpeníngur strengdur, vill ecki líta vid grasi á þeim. Einn gódur bóndi frá Skálum hefir flutt bygd sína þadan á adra jørd, en 1 eda 2 kýr mest eru ordnar þar eptir á bæum, barna vegna, og fódrast inni á fornu heyi, en hinum er á burt komid til annara sveita.

Hopp gáfust enn á ný í þeim fengsømu Njardvíkum sydra, ad Smáhvalir, 150 tals, urdu þar af skipum nøiega reknir á land. Fiskiabli og sjógæftir eru nu hér sydra í allra besta lagi, og sama spyrst af Hákalla-veidum undan Snæfells Jøkli.

Dáinn er, þann 9da Júlii þ. á., fyrrum Prestur til Kialarness þínga, Géstur Þorláksson, nálægt fjøtugs aldri. — En

Prestvígdur var, af Herra Biskupi Riddara Geiri Vídalín, þann 14da sama mánadar, Student Halldór Bjørnsson, til Capelláns ad Laufási í Þíngeyar Sýslu.

Amti), góðfúslega ad midla hjálp nockurri í sképnum eda ødrum aurum, þeim sveitum, sem kollfella kynnu búfénad, svo sem flestum yrdi vid ból og bú haldid. Mér er nú ánægja hér ad lýsa þeirri álitlegu hjálp, sú umhyggjufulla og lofleg upphvatning þar ávann, nefnilega: Frá Húnavatns Sýslu uppá 520 rbdli 88 rbß. (Frá Skagafjardar er mér enn ókunnugt — hvad?). Frá Eyafjardar uppá 60 rbdli; frá Þingeyar Sýslu (sem þó hvad mest mun lidid hafa), uppá 389 rbdli 8 rbß.; frá Nordur-Múla S. 5 ær, í vørum 24 rbdli 40 rbß, og frá Sýslumanni Páli Melsted einum — 60 rbdli, alls 84 rbdli 40 rbß. og þær 5 ær. Sudur-Múla S. gaf eckert, en hverr hreppur hét, eptir megni, ad varna þar nockurs búanda uppflosnun; og eru øll þessi dæmi føgur, lofleg og verd eptir ad breyta í álíkum kríngumstædum, eins og þau bls. 115—16 ádur greindu.

Af eldgosinu eystra er, sídan Klpósts Nr. 8. minntist þess, eckert nýtt stórkostlegt ad heyra, heldur lítur svo út, sem ad eldgos og øskufall nú sari þar rjenandi, svo ad Eyjafjalla menn þess vegna tjást þar fylgja fram slætti med ákésd, og margir hafa rekid pening sinn heim aptur; en — grasvøxtur telst þar hinn frábærasti, svo uppgrip verda mikil, géfist þeim góð nýting og hollusta fjenadi af heyum.

---

Verdi skadans afleidingar af eldgosinu Eyafjalla mønnum svo skadvænar, ad sveit þeirra þurfi annarlegrar adstodar vid, hefir sá ad margvíslegri mannærusemi alkunni rausnar madur, Jón Sighvatsson á Ytri Njardvík, fyrirhugad þeim naudstøddustu í Holts og Dals Sóknum, 10 tunna rúgs gjøf, hverrar vidkomendur þá láta til hans vitja.

Af Eldgosinu eystra mun fátt áreidanlegra ad segja enn: ad lángt er nú sídan þar sást til elds, sem því vonast ad rjenandi fari, þó opt og med kostum enn þá rjúki mikid upp af því logheita fjalli, sem lengi mun eiga í ad kólna, og aska vid og vid sældist út yfir nálægar bygdir. Þó heyskapur þar í grend sé ad vortum gódur ordinn, eru enn órevnd, en mjög ad óttast hans rýr not og óhollustu. Enginn tjáist enn hafa yfirgéfid þar bygd sína, en — málnytu og vidbits skortur og óholl fæda lýsir þar þegar margra manna megurd; matar óbyrgdir fjölda fátæklinga umgvartast og megurd gripa og fénadar. Í stuttu máli: Afdrifin eru enn hálfsjen.

Af Fyrirádendum Eyafjalla Sveitar er eg umbedinn ad votta merkismanninum Sgr. Jóni Sighvatssyni þeirra innilegasta þacklæti, fyrir hans stórhöfdinglegu gjöf til líknar naudstöddum þar.

---

## *Graf-minning:*

Hér. geymast moldir Göfugmennis.
*GUDBRANDAR. VIGFÚSSONAR.*
Apothekara.
Hann. fæddist. 26ta. Augústi. 1772.
Vard. Apothekari. á Íslandi. 27da. Jan. 1801.
Giptist. 1802.
Jomfrú. JOHÖNNU. SOPHIU. PETERSEN.
Deydi. 14da. Septembr. 1822.

*Lét Honum Sambland Laeknis efna,*
*Líkn og grandvart líf á jörðu,*
*Hyggid, gott hjarta og hugljúft géd,*
*Veglegann týr Valmenni leifa.*

Svo setti
*Dr.* M. Stephensen.

í Nordur-Ameríku fann upp verkfæri til ad brjóta med qvartils þyckvann ís frá skipum, svo þau kjæmust áfram $\frac{3}{4}$ eda 1 viku sjóar á kluckustundu, eins og Dampskip venjulegast fara. Frans Farkas v. Farkasfalva (Hungara Talsmadur), fann upp Dýfu verkfæri til ad fara med ofaná mararbotn og þar um botninn, og vinna þar med hendi og fæti hjálparlaust, fara svo hátt og lágt um sjóinn, sem hann vill og ofan sjáar aptur, og vera dögum saman nedan sjáar; nefnir hann verkfæri þad: Hafrúnginn. Þad var reynt þann 1ta Okt. 1820, og þjenari hans fór med því heila stund á mararbotni; loganda ljóst í vatnsheldri skridbyttu var sockt nidur til hans, og kom þad logandi upp aptur. (Framh. í næsta Árg.)

## Árgángur.

Eg minntist á bls. 81—82, 133—36, 151—52, 168—72 hér ad framan, á helzta árferdisins gáng allt til vordaga, og á Eyafjalla Jökuls umbrota verkanir allt til skamms tíma. Sömu tjást enn þá vidhaldast, og megu mockur med kostum yfir Jöklinum standa, en aska úr honum sældast yfir Eyafjalla Sveit og jafnvel innan- edur austan verda Fljótshlíd. Verkanir þess, ádur taldar, framkoma nú og af óhollu fódri og högum í fyrrnefndri Sveit, þar, sem peníngur tjáist mjög illa fódrast, kór vída horast nidur og ecki draga ljóst, svo ad mörgum því hafi ordid ad lóga, og 22 af Holts Prestakalls kúgyldum nýlega vera feld, öll fyrir 114 rbdli S., en flest þeirra edur öll strax skorin. Á hrossum tekur ad sjá helti og lidaveiki, en þó helzt á saudfé, af útigángs fénadi, sem um lidi, já, um midja leggi, kjálka og önnur bein, fær fraudi líka hnuta, hverra eg hefi nockur svo varin sjed, svo ad til fellirs horfir nú í þeim eldinum nálægustu sveitum. Jökul hlaupi eigna menn og ofvöxt í Holts-á undir Eyafjöllum, sem flóa skal úr